

Miðvikudaginn 22. maí 1963.

Nr. 117/1962. **Franz Andersen**

og

Jóhann Anton Bjarnason

(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

Blikksmiðjunni Gretti

(Gunnar Guðmundsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theodor B. Lindal.

Ómerking dóms og málsmeðferðar. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. ágúst s. á. Þeir krefjast sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi af áfrýjendum.

Í máli þessu deila aðiljar um ábyrgð á göllum og gerð renna þeirra, er stefndi smíðaði og setti á hús áfrýjenda. Er málið svo vaxið, að héraðsdómari hefði átt að kveðja tvo sérfróða menn til að dæma það ásamt sér, sbr. 3. tölu-lið 1. mgr. 200. gr. laga nr. 85/1936. Þetta gerði héraðsdómari ekki. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með 14. apríl 1962 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 14. apríl 1962 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað

heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. apríl 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Blikksmiðjan Grettir, Brautarholti 24 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. júlí 1960, gegn Franz Andersen endurskoðanda og Jóhanni Anton Bjarnasyni málarameistara, báðum hér í Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 9.348.11 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. marz 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt algerrar sýknu af kröfulið stefnanda um kr. 4.185.44, en sýknu að svo stöddu af kröfuliðnum um kr. 5.162.67. Þá krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera fyrir vinnu og efni við að setja þakrennur og setja loftleiðslur í hús stefndu að Laugarásvegi 1 í Reykjavík. Hafi verk þessi verið unnin að beiðni stefndu í desember 1958, desember 1959 og janúar 1960. Séu þau samkvæmt tveim reikningum, öðrum varðandi loftleiðslurnar að fjárhæð kr. 5.162.67, en hinum varðandi rennurnar að fjárhæð kr. 4.185.44. Hafi stefndu eigi fengizt til að greiða fjárhæðir þessar.

Stefndu byggja sýknukröfu sína, að því er varðar reikninginn að fjárhæð kr. 4.185.44, á því, að þar sé um að ræða úrbætur á verki stefnanda, er hann áður hafði unnið og fengið að fullu greitt. Þessar úrbætur hafi og ekki reynzt fullkomlega unnar og sé verkið enn mjög gallað. Hina reikningsfjárhæðina, kr. 5.162.67, telja stefndu sér eigi skylt að greiða fyrr en hinu síðastnefnda verki hafi verið skilað gallalaus. Einnig telja þeir þá reikningsfjárhæð of háa.

Stefndu hafa á engan hátt fært sönnur að fullyrðingum sínum. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, enda hafa þeir lagt fram reikninga fyrir framangreindum kröfum.

Málskostnaður ákveðst kr. 2.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Franz Andersen og Jóhann Anton Bjarnason,

greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnandanum, Blikksmiðjunni Gretti, kr. 9.348.11 með 7% ársvöxtum frá 31. marz 1960 til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. maí 1963.

Nr. 79/1961. **Olíusalan h/f** (Björgvin Sigurðsson hdl.)

gegen

Ísól h/f (Sveinn Haukur Valdimarsson hdl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theodór B. Línal.

Um réttarvernd símnefnis gagnvart firma.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. apríl 1961, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. s. m. Krefst hann þess:

Að stefnda verði dæmt óheimilt að nota sem nafn á félagi sínu eða með nokkrum öðrum hætti sem auðkenni fyrir sig orðið Ísól eða eftirlíkingar af því nafni.

Að stefnda verði, að viðlögðum dagsektum til áfrýjanda, eigi undir kr. 1000.00 fyrir hvern dag, sem líður frá uppsögu dóms í máli þessu, unz fullnægt er dómnum af stefnda hálfu, dæmt að láta afmá úr hlutafélagsskrá sem nafn á félagi sínu orðið Ísól.

Að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa ýmis ný gögn verið lögð fyrir Hæstarétt.